

Fundargerð 1. fundar stjórnar Sprotasjóðs 2012-2013

Fundurinn var haldinn, 9. janúar 2012. Mætt voru í menntamálaráðuneytið: Sigurjón Mýrdal, formaður stjórnar Sprotasjóðs, Rósa Gunnarsdóttir, Björg Bjarnadóttir, Svandís Ingimundardóttir. Sigrún Vésteinsdóttir, verkefnisstjóra Sprotasjóðs var í síma.

Sigurjón Mýrdal var fundarstjóri og setti fundinn kl. 11:10. Sigrún Vésteinsdóttir var ritari fundar. Ræddir voru eftirfarandi fundarliðir:

1) Auglýsing um úthlutun:

RHA mun alfarið sjá um rafræna umsóknarferlið fyrir næstu úthlutun Sprotasjóðs. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn muni senda út auglýsingu í blöðin um miðjan janúar 2012. Þar verður auglýst að tekið verði á móti umsóknum frá 1. til 29. febrúar. Lagt er upp með að stjórn sjóðsins muni nota marsmánuð til að fara yfir innsendar umsóknir.

2) Leiðbeiningar um skil á áfanga- og lokaskýrslum:

Ákveðið var að farið yrði yfir leiðbeiningar um áfanga- og lokaskýrslur þegar rafræna umsóknarformið væri tilbúið en þá væri hægt að skoða leiðbeiningarnar í samræmi við formið.

3) Önnur mál

Tekin var upp umræða frá síðasta fundi um að halda ráðstefnu/kynningu á afrakstri þeirra verkefna sem Sprotasjóður hefur styrkt. Ákveðið var að formaður stjórnar myndi byrja á því að setja sig í samband við formann félags um skólaþróun varðandi þessa hugmynd og ræða við hann um málið.

Áætlað er að næsti fundur stjórnar Sprotasjóðs verði haldinn 6. mars kl.13-15. Gert er ráð fyrir að það verði fjarfundur sem haldinn verður í húsi Menntavísindasviðs í Stakkahlíð.

Ekki voru fleiri mál til umræðu á þessum fundi og var fundi slitið kl. 12.10